


Umhverfisstofnun
Áb. <u>B5</u>
<u>06 MAI 2004</u>
<u>54.52</u>
Tilv. UST20040400064



Umhverfisstofnun

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Umhverfisáhrifum um mat á landi og vatten
Umhverfisáhrifum um mat á landi og vatten

6. maí 2004

Tilvísun: UST20040400064/bs

Vegur um Arnkötludal og Gautsdal í Hólmavíkurhreppi og Reykhólahreppi. Tillaga að matsáætlun

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 13. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun. Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir.

Áhrifasvæði

Í tillögu að matsáætlun segir m.a.: *Ekki er hægt að afmarka framkvæmdina nákvæmlega á þessi stigi og verður ekki fyrr en fullnaðarhönnun hefur farið fram.* Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt reglugerð nr. 671/2000 um mat á umhverfisáhrifum skal í matsáætlun m.a. vera uppráttur af mögulegri staðsetningu framkvæmdar og áhrifasvæðis hennar, sbr. lið 2.c. í 13. gr. reglugerðarinnar. Stofnunin bendir á að við skilgreiningu áhrifasvæðis er mikilvægt að ekki sé eingöngu horft til þess svæðis sem raskast við veglagninguna sjálfa heldur einnig tekið mið af landslagi og áhrifasvæði sjónrænna þátta.

Staðsetning framkvæmdar hlýtur að teljast til meginþáttu framkvæmdar þegar um vegagerð er að ræða sbr. fyrrnefndu reglugerð. Ekki er í tillögu að matsáætlun að finna nafn framkvæmdaraðila sbr. lið 1. a. reglugerðar nr. 671/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Rannsóknir og framsetning gagna

Umhverfisstofnuun telur að í tillögu að matsáætlun fyrir Stranddalaveg sé ekki gerð nægjanleg grein fyrir hvernig staðið var að gagnaöflun í þeim rannsóknum sem farið hafa fram né hvernig úrvinnslu ganga verður háttæð. Ekki koma fram fullnægjandi upplýsingar um rannsóknarsvæði, tímasetningu athugana, tíðni mælinga, aðferðir við mat og framsetningu niðurstaðna, sbr. lið 3.c. í reglugerð nr. 671/2000.

Núll-kostur

Í tillögu að matsáætlun segir m.a.: *Uppbygging vegarins yfir Tröllatunguheiði yrði kostnaðarsöm og samfara umtalsverð umhverfisáhrif. Vegurinn yrði ekki heilsársvegur og á þeim forsendum stendur ekki til að byggja hann upp.* Það er því ekki um neinn núll kost að reða. Umhverfisstofnun vill benda á að upplýsingar um mögulega valkosti m.a. núll-kost eiga að koma fram sbr. lið 2. e. í fyrrnefndri reglugerð. Ekki kemur fram hvaða gögn styðja

fullyrðingar um umhverfisáhrif endurbyggingar núverandi vegar um Tröllatunguheiði.

Efnisrannsóknir

Umhverfisstofnun telur að gera þurfi grein fyrir hvernig staðið verði að rannsóknum á vegsvæði, skeringum og efnistökustöðum. Rannsóknir þessar eru gerða með stórvirkum vinnuvélum og gæti því orðið verulegt rask af þeirra sökum ef ekki er vel að þeim staðið.

Náttúruminjar

Í tillögu að matsáætlun segir m.a.: *Í nágrenninu eru jarðmyndanir sem eru á náttúruminjaskrá. Svæðið verðu skoðað almennt og litið sérstaklega eftir sérstökum jarðmyndunum.* Umhverfisstofnun vill benda á að í 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd segir m.a.: *Leyfi Umhverfisstofnunar þarf til framkvæmda þar sem hætta er á að spilt verði friðlýstum náttúruminjum. Leita skal umsagnar og tilkynna Umhverfisstofnun um framkvæmdir þar sem hætta er á að spilt verði öðrum náttúruminjum á náttúruminjaskrá.*

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að ekki er í tillögu að matsáætlun Stranddalavegar að finna allar þær upplýsingar sem þar skal finna sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 671/2000. Jafnframt biðst Umhverfisstofnun velvirðingar á því hversu lengi hefur dregist að svara erindi Skipulagsstofnunar.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson

Helgi Jónasson
Helgi Jónasson